

GJALDSKRÁ

fyrir mengunareftirlit í Reykjavík.

1. gr.

Borgarstjórn er heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari hjá fyrirtækjum í Reykjavík sem háð eru starfsleyfi og/eða eftirliti heilbrigðisnefndar, samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

2. gr.

Í samræmi við viðauka 9 í mengunarvarnareglugerð nr. 396/1992 er fyrirtækjum skipt í 5 flokka með tilliti til mengunarhættu og fyrirkomulags eftirlits. Heilbrigðisnefnd er heimilt að flytja einstök fyrirtæki milli flokka, ef umfang eftirlitsins breytist.

3. gr.

Fyrirtæki sem upp eru talin í viðauka 7 í mengunarvarnareglugerð nr. 396/1992 skulu greiða eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Hollustuverndar ríkisins eins og hún er hverju sinni.

4. gr.

Fyrirtæki sem upp eru talin í viðauka 8 í mengunarvarnareglugerð nr. 396/1992, sbr. flokkun í viðauka 9, skulu greiða starfsleyfisgjald við afhendingu leyfisbréfs og síðan árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

Fyrirtæki	Starfsleyfisgjald	Eftirlitsgjald
1. flokkur	Kr. 40 000	Kr. 80 000
2. flokkur	“ 25 000	“ 50 000
3. flokkur	“ 15 000	“ 30 000
4. flokkur	“ 10 000	“ 20 000
5. flokkur	“ 5 000	“ 10 000

Ekkert starfsleyfisgjald skal greiða við endurnýjun starfsleyfis eða við eigandaskipti, nema breytingar hafi orðið á rekstri eða húsnæði. Ef breytingar eru smávægilegar að mati heilbrigðiseftirlitsins er heimilt að lækka eða fella gjaldið niður. Fyrir fyrirtæki með mjög takmarkaða starfsemi eða starfsemi sem rekin er skemur en 6 mánuði á ári skal greiða hálf eftirlitsgjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist samkvæmt reikningi.

5. gr.

Innheimtudeild Reykjavíkurborgar annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari. Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskyld fyrirtæki í samræmi við fylgiskjal gjaldskrárinnar og sendir innheimtudeildinni. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 5. og 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

6. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjalda, samkvæmt 4. gr., er 25. dagur næsta mánaðar eftir að eftirlit hefur farið fram og eindagi mánuði síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

7. gr.

Fari árlegt eftirlit ekki fram fellur eftirlitsgjaldið niður uns eftirlit hefst að nýju.

8. gr.

Fyrirtæki sem eru starfsleyfis- og eftirlitsskyld, bæði samkvæmt ákvæði heilbrigðis- og mengunarvarnareglugerðar greiða aðeins eitt eftirlitsgjald.

9. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af Borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt 5. og 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast gildi við birtingu.

Reykjavík, 1. mars 1993.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Fáskrúðsfjarðar, Búðahreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 26. febrúar 1993 staðfest breytt aðalskipulag Fáskrúðsfjarðar 1980–2000.

Breytingar eru eftirfarandi:

— Iðnaðarsvæði norðan Búðavegar hefur verið minnkað til vesturs og er gert ráð fyrir nýju iðnaðarsvæði og smábátahöfn sunnan vegarins. Suður af þessu svæði er gert ráð fyrir síðari stækkun með viðlegukanti til vöruflutninga.

— Tjörninn norðan Búðavegar hefur verið stækkuð sem nemur minnkun iðnaðarsvæðisins.

— Stofnanalód fyrir íþróttahús verður við vesturenda íþróttavallar, en áður var gert ráð fyrir íþróttahúsi á skólalóð.

Breyting þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Búðahrepps og skipulagstjórnar ríkisins.

Umhverfissráðuneytið, 26. febrúar 1993.

Eiður Guðnason.

Hrafn Hallgrímsson.